

Samningur Sameinuðu þjóðanna um
réttindi fatlaðs fólk

Nefnd um réttindi fatlaðs fólks

Listi með ábendingum fyrir Ísland

15. september 2025

Um samninginn

Árið 2006 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar samning um réttindi fatlaðs fólks.

Hér er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kallaður: **samningurinn**.

Samningurinn fjallar um hvað ríki eiga að gera.

Samningurinn fjallar um að fatlað fólk hafi sömu réttindi og aðrir.

Samningurinn fjallar **ekki** um sérstök réttindi fyrir fatlað fólk.

Ísland skrifaði undir samninginn árið 2007.

Árið 2025 fullgilti Ísland samninginn.

Að fullgilda samninginn þýðir að:

- Fatlað fólk á Íslandi á að hafa réttindin í samningnum.
- Lög á Íslandi eiga að vera eins og samningurinn segir.
- Ríkið á að gera það sem stendur í samningnum.
- Sveitarfélög eiga að gera það sem stendur í samningnum.

Sveitarfélög eru til dæmis:

- Reykjavík
- Akureyri

Um þennan lista

Árið 2021 skrifaði Ísland skýrslu.

Skýrslan fjallar um hvernig gengur með samninginn.

Til dæmis:

- Hefur fatlað fólk á Íslandi réttindin í samningnum?
- Hvað er Ísland búið að gera?
- Hvaða lögum er Ísland búið að breyta.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks las skýrsluna.

Þessi nefnd kom með margar ábendingar.

Þessi nefnd vill líka fá að vita meira.

Þess vegna þarf Ísland að svara spurningunum í þessu skjali.

Athugið!

Þetta skjal er auðlesin útgáfa af listanum.

Það er upprunalega útgáfan sem gildir.

Miðstöð um auðlesið mál gerði þennan texta.

www.audlesid.is

A. Markmið samningsins (kaflar 1-4)

1. Í samningnum stendur:

Markmið samningsins er að fatlað fólk fái sömu réttindi og aðrir.

Fatlað fólk á að hafa sömu mannréttindi og aðrir.

Fatlað fólk á rétt á virðingu eins og aðrir.

Samningurinn gildir um allt fatlað fólk.

Ísland hefur samþykkt að fara eftir samningnum.

Ríkið á að passa að mannréttindi gildi fyrir fatlað fólk á Íslandi.

Ríkið á að passa að **enginn** mismuni fötluðu fólki.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig getur fatlað fólk tekið þátt í að búa til lög á Íslandi?

Hvernig geta samtök fatlaðs fólks hjálpað til?

b. Lög á Íslandi eiga að passa við samninginn.

Þess vegna þarf Ísland að breyta sumum lögum.

Hvaða lögum er Ísland búið að breyta?

Hvaða lögum ætlar Ísland að breyta?

c. Ísland gerði áætlun um að innleiða samninginn.

Áætlunin heitir:

Lands-áætlun í málefnum fatlaðs fólks 2024-2027

Hvað stendur í áætluninni?

Hvernig fylgist Ísland með áætluninni?

Hvernig mælir Ísland hvort áætlunin virkar?

d. Ísland skrifaði undir samninginn árið 2007.

Ísland gerði samninginn að lögum árið 2025.

Hvernig hafa stjórnvöld notað samninginn síðan þá?

Hafa dómstólar notað samninginn?

Til dæmis með því að segja:

Þetta stendur í samningnum.

Þess vegna á Ísland að gera þetta.

e. Eitt ráðuneyti á að sjá um alla mannréttinda-sáttmála.

Til dæmis:

- Mannréttinda-sáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna

Á Íslandi er þetta dómsmála-ráðuneytið.

Hvað hefur Ísland gert til að dómsmála-ráðuneytið sjái líka um samninginn?

f. Samningurinn á að gilda á öllu Íslandi.

Þess vegna þarf ríkið að vinna með sveitarfélögum.

Hvernig ætla ríkið og sveitarfélögin að vinna saman?

g. Hvað hefur Ísland gert til að samþykkja valfrjálsu
bókunina?

Valfrjálsa bókunin er viðbót við samninginn.

Valfrjálsa bókunin leyfir fólki að fara með sín mál fyrir
nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

B. Réttindi fatlaðs fólks (kaflar 5-30)

Jafnrétti (kafli 5)

2. Í samningnum stendur:

Allar manneskjur eru jafnar.

Íslensk lög eiga að gefa öllum sömu réttindi og vernd.

Fatlað fólk á að hafa sömu réttindi og vernd og allir aðrir.

Ríkið á að banna alla mismunun á fötluðu fólki.

Mismunun er þegar fatlað fólk hefur **ekki** sömu **réttindi** og **tækifæri** og aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Í stjórnarskrá Íslands stendur:

Það má **ekki** mismuna fólki.

Hvað er Ísland búíð að gera til að bæta fötlun við í stjórnarskrána?

Hvað annað er Ísland búíð að gera til að banna mismununum út af fötlun?

b. Hvað stendur í lögnum um jafna meðferð?

Gilda lög um jafna meðferð líka um alla fötlun?

Til dæmis þegar fatlað fólk fær **ekki** viðeigandi aðlögun?

Oft hefur fatlað fólk **ekki** sömu **réttindi** og **tækifæri** og aðrir.

Þess vegna þarf að gera breytingar.

Þessar breytingar heita: **aðlögun**.

c. Hvað hefur Ísland gert til að allar áætlanir um jafnrétti gildi líka um fötlun?

Til dæmis áætlanir um jafnrétti kynjanna.

Hvernig vinnur Ísland gegn mismunun?

d. Kærunefnd jafnréttis-mála er nefnd sem fjallar um kvartanir.

Hvað hefur Ísland gert til að styrkja Kærunefnd jafnréttis-mála?

Getur Kærunefnd jafnréttis-mála rannsakað mál?

Getur Kærunefnd jafnréttis-mála hjálpað fötluðu fólki?

Hvernig fræðir Ísland fólk um lög gegn mismunun?

Hvernig fræðir Ísland fólk um hvernig á að kvarta?

Fatlaðar konur (kaflí 6)

3. Í samningnum stendur:

Það má **ekki** mismuna fötluðum konum vegna **fötlunar**.

Það má **ekki** mismuna fötluðum konum vegna **kyns**.

Mismunun er þegar fatlað fólk hefur **ekki** sömu **réttindi** og **tækifæri** og aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Á Íslandi eru lög um jafnrétti kynjanna.

Þessi lög eiga að passa að kynin séu jöfn.

Hvernig passar Ísland að þessi lög gildi líka um fatlaðar konur og stelpur?

b. Fatlaðar konur eiga rétt á að taka þátt í að:

- búa til lög og reglur um fötlun og kyn
- fylgjast með lögum og reglum
- búa til áætlanir um jafnrétti kynjanna
- fylgjast með áætlunum um jafnrétti kynjanna.

Hvernig passar Ísland að fatlaðar konur geti tekið þátt?

Hvernig passar Ísland að samtök fatlaðra kvenna geti tekið þátt?

c. Hvernig mælir Ísland stöðu fatlaðra kvenna?

Hvernig safnar Ísland upplýsingum um fatlaðar konur?

Hvernig notar Ísland upplýsingar um fatlaðar konur?

Fötlúð börn (kaflí 7)

4. Í samningnum stendur:

Ríkið á að passa að fötlúð börn hafi sömu mannréttindi og önnur börn.

Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Árið 2022 setti Ísland lög um betri þjónustu við börn.
Hvernig gengur að hafa þjónustuna eins og þessi lög segja?
Hefur Ísland stofnað samráðs-vettvang?
Samráðs-vettvangurinn á að búa til stefnu um þjónustu við börn.
Hefur Ísland stofnað svæðisráð?
Í svæðisráði vinna stofnanir á sama svæði saman.
Hvernig gekk áætlun um barnavernd fyrir árin 2019-2022?
Hvað hefur Ísland gert sérstaklega fyrir fötlúð börn?
- b. Ísland hefur breytt ráðuneytunum sínum.
Hvaða áhrif hefur þessi breyting á réttindi fatlaðra barna?
Hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á hverju?
Hvernig vinna ráðuneytin saman?
- c. Stundum þarf að taka ákvarðanir fyrir fötlúð börn.

Þá er oftast hugsað um fötlun og greiningu.

Hvernig passar Ísland að það sé líka hugsað um:

- þroska barnsins
- réttindi barnsins
- hvað barnið vill?

d. Hvað hefur Ísland gert til að fötluð börn fái að segja sína skoðun?

Nefnd um réttindi barna gaf Íslandi leiðbeiningar.

Hefur Ísland farið eftir leiðbeiningunum?

Til dæmis með því að:

- öll sveitarfélög stofni ungmennaráð
- öll börn geti sagt sína skoðun
- hlusta á skoðanir barna.

e. Hvernig fylgist Ísland með þjónustu fyrir fötluð börn?

Hvað gerir Ísland ef þjónustan er **ekki** nógu góð?

Hvernig geta börn kvartað?

Fræðsla um fötlun (kaflí 8)

5. Í samningnum stendur:

Ríkið á að vinna gegn fordómum.

Fordómar eru rangar hugmyndir um fatlað fólk.

Þess vegna á ríkið að fræða alla um fötlun og líf fatlaðs fólks.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig fræðir Ísland fólk um samninginn?

Fræðir Ísland fólk sem vinnur fyrir:

- ríkið
- sveitarfélög
- skóla
- fjölmiðla
- heilbrigðis-kerfið
- dómskerfið?

b. Hvernig passar Ísland að fjölmiðlar virði fatlað fólk?

Er Ísland með reglur fyrir fjölmiðla?

Er Ísland með fræðslu fyrir fjölmiðla?

c. Hvernig fær fatlað fólk að taka þátt í fræðslu um fötlun?

Hvernig fá samtök fatlaðs fólks að taka þátt í fræðslu um fötlun?

Aðgengi (kaflí 9)

6. Í samningnum stendur:

Ríkið á að passa að fatlað fólk geti tekið þátt í samfélaginu.

Ríkið á að gera samfélagið aðgengilegt fyrir alla.

Aðgengi þýðir að allir geta notað hlutina og tekið þátt.

Allir eiga að komast inn í hús og geta verið þar.

Allir eiga að fá skiljanlegar upplýsingar.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig passar Ísland að allar byggingar séu aðgengilegar?

Gilda sömu reglur um aðgengi í öllum sveitarfélögum?

Gilda sömu reglur um aðgengi í sveitinni?

b. Hvernig passar Ísland að öpp og vefsíður séu aðgengileg?

Öpp og vefsíður frá hinu opinbera eiga að vera aðgengileg.

c. Stafrænt aðgengi er aðgengi að þjónustu í:

- tölvum
- símum
- spjaldtölvum.

Hvaða ráðuneyti sér um stafrænt aðgengi?

Hvernig passar Ísland upp á stafrænt aðgengi?

Til dæmis með rafræn skilríki.

d. Hvað hefur Ísland gert til að samgöngur séu aðgengilegar?

Til dæmis:

- strætó
- ferðaþjónustan.

Eru vagnar aðgengilegir?

Eru upplýsingar aðgengilegar?

Er aðgengilegt að panta ferð með ferðaþjónustu?

Rétturinn til að lifa (kaflí 10)

7. Í samningnum stendur:

Allir hafa rétt á því að lifa.

Ríkið á að passa að fatlað fólk hafi sama rétt og aðrir til að lifa.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig rannsakar Ísland þegar fatlað fólk deyr á stofnun?

Stofnanir eru til dæmis:

- íbúðakjarnar
- spítalar.

Hvernig skoðar Ísland þjónustuna sem fatlað fólk fær?

Til dæmis:

- Er þjónustan góð?
- Er þjónustan slæm?

Hvernig safnar Ísland upplýsingum um fatlað fólk sem deyr?

Stríð og hamfarir (kaflí 11)

8. Í samningnum stendur:

Er stríð?

Þá á ríkið að passa sérstaklega upp á fatlað fólk.

Eru hamfarir?

Þá á ríkið að passa sérstaklega upp á fatlað fólk.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig er nýja stefnan um almannavarnir?

Er stefnan um almannavarnir fyrir alla?

Hvernig passar Ísland að fatlað fólk fái hjálp í neyð?

Til dæmis:

- Er aðgengilegt að hringja í neyðarlínuna 112?
- Eru neyðarskýli aðgengileg fyrir fatlað fólk?
- Hefur fatlað fólk aðgang að hreinu vatni?
- Hefur fatlað fólk aðgang að klósettum?
- Hefur fatlað fólk aðgang að hjálpartækjum?

b. Hvernig tekur fatlað fólk þátt í að búa til neyðar-áætlanir?

Hvernig taka samtök fatlaðs fólks þátt í að búa til

neyðar-áætlanir?

Neyðar-áætlun segir hvað á að gera í neyð.

Lög gilda eins um alla (kaflí 12)

9. Í samningnum stendur:

Lögin í landinu gilda eins um alla.

Fatlað fólk þarf að fara eftir lögum eins og annað fólk.

Fatlað fólk hefur sömu réttindi og annað fólk til að ákveða hluti.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hver er staðan á nýjum lögum um lögræði?

Hvaða öðrum lögum ætlar Ísland að breyta?

Hvað ætlar Ísland að gera í staðinn fyrir að svipta fólk lögræði?

Til dæmis að hjálpa fólki að ákveða sjálft.

Það á að virða það sem fatlað fólk vill.

b. Hvernig passar Ísland að persónulegir talsmenn virði það sem fatlað fólk vill?

Hvaða reglur gilda um persónulega talsmenn?

Hvernig fylgist Ísland með persónulegum talsmönnum?

Hvernig getur fatlað fólk kvartað?

c. Stundum ákveður starfsfólk á heimilum fyrir fatlað fólk.

Þetta starfsfólk hefur **ekki** leyfi til ákveða fyrir fatlað fólk.

Hvernig fylgist Ísland með?

Hvað gerist ef starfsfólk ákveður fyrir fatlað fólk?

d. Rafræn skilríki eru **ekki** aðgengileg fyrir alla.

Hvernig passar Ísland að fólk fái samt að ákveða sjálft?

Aðgangur að réttarkerfinu (kaflí 13)

10. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á sama rétt á aðgangi að réttarkerfinu og aðrir.
Réttarkerfið er til dæmis lögreglan og dómstólar.
Dómstólar eru þar sem dómarar dæma í málum.

Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk fái aðlögun í dómsmálum?
Aðlögunin á að henta aldri fólks.
- b. Hvernig hjálpar Ísland fötluðum konum sem verða fyrir ofbeldi?
Hvernig passar Ísland réttindi fatlaðra kvenna í dómsmálum?
- c. Hvernig fræðir Ísland fólk sem vinnur í dómskerfinu um réttindi fatlaðs fólks??
- d. Hvernig eru stuðningsaðilar notaðir í sakamálum?
Hvað eiga stuðningsaðilar að gera?
Hverjir geta verið stuðningsaðilar?

Frelsi og öryggi (kaflí 14)

11. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á að hafa sama rétt og aðrir til frelslis og öryggis.

Það er bannað að takmarka frelsi fatlaðs fólks bara vegna fötlunar.

Það þýðir að það er bannað að setja manneskju í fangelsi bara vegna þess að manneskjan er fötluð.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Það á **ekki** að vera hægt að loka fólk inni vegna fötlunar.

Það á **ekki** að vera hægt að neyða fólk í meðferð.

Hvaða lögum ætlar Ísland að breyta?

b. Hvernig ætlar Ísland að breyta lögum um ósak-hæfi?

Það á **ekki** að vera hægt að hafa fatlað fólk í fangelsi endalaust.

c. Hvernig passar Ísland að fatlaðir fangar geti fengið reynslulausn?

Reynslulausn er að fá að fara úr fangelsi áður en maður klárar dóminn sinn.

Hvernig hjálpar Ísland fötluðum föngum?

Vernd gegn pyntingum (kaflí 15)

12. Í samningnum stendur:

Það má **ekki** pynta neinn.

Pyntingar eru að meiða manneskju viljandi til þess að:

- refsa manneskjunni
- láta manneskjuna segja eitthvað.

Það má **ekki** koma illa fram við neinn.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Margt fatlað fólk var beitt ofbeldi á stofnunum.

Hver er staðan á frumvarpi um bætur fyrir þetta fólk?

b. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk sé **ekki** lokað eitt inni?

c. Hvernig verndar Ísland fatlað fólk gegn skaðlegum aðgerðum?

Skaðlegar aðgerðir eru til dæmis:

- að banna fólk að gera eitthvað sem má
- að neyða fólk til að gera eitthvað sem fólk vill **ekki**.

d. Hvernig fylgist Ísland með að skaðlegar aðgerðir séu **ekki** notaðar?

Hvernig getur fólk kvartað undan skaðlegum aðgerðum?

Vernd gegn ofbeldi og misnotkun (kaflí 16)

13. Í samningnum stendur:

Ríkið á að setja lög sem vernda fatlað fólk gegn ofbeldi og misnotkun.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hver er staðan á lögum um að vernda fatlað fólk gegn ofbeldi?

Hvernig gekk áætlunin gegn ofbeldi frá 2019 til 2022.

Ætlar Ísland að halda áfram með áætlunina?

b. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk verði **ekki** fyrir ofbeldi?

Hvernig getur fólk fengið hjálp?

Hvernig safnar Ísland upplýsingum um ofbeldi?

c. Hvað hefur Ísland gert með ráð frá nefnd um réttindi kvenna?

Ráðin voru til dæmis:

- að setja lög um ofbeldi gegn konum
- að búa til nýja áætlun um ofbeldi
- að lögreglan fari eftir lögum um kynferðis·brot
- að fatlaðar konur sem verða fyrir ofbeldi fái hjálp.

Rétturinn til einkalífs (kaflí 17)

14. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á að ráða yfir sjálfu sér.

Annað fólk á að virða þennan rétt.

Annað fólk á **ekki** að skipta sér af.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig verndar Ísland fatlaðar konur og stelpur?

Það má **ekki** láta fatlaðar konur og stelpur:

- fara í ófrjósemis-aðgerð.

Ófrjósemis-aðgerð gerir fólk ófrjótt.

Þá getur fólk **ekki** eignast börn

- nota getnaðarvörn

- fara í þungunarrof.

Þungunarrof er þegar fóstri er eytt.

Þá er konan **ekki** lengur ólétt.

Konur og stelpur verða að samþykkja sjálfar.

Hvernig passar Ísland að fatlaðar konur og stelpur fái

upplýsingar um kynlíf?

Upplýsingarnar eiga að vera aðgengilegar.

b. Hvernig verndar Ísland intersex börn?

Ferðafrelsi og ríkisfang (kaflí 18)

15. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á sama rétt og aðrir á ríkisfangi.

Að hafa ríkisfang þýðir að tilheyra ákveðnu ríki.

Til dæmis:

- Íslendingar hafa íslenskt ríkisfang.
- Pólverjar hafa pólskt ríkisfang.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk geti fengið skilríki?

Til dæmis:

- persónu-skilríki
- rafræn skilríki
- vegabréf.

b. Hvaða áhrif hafa lög um útlendinga á fatlað fólk?

Sumt fólk getur **ekki** búið í sínu landi.

Til dæmis þegar það er stríð.

Þetta fólk fer þá til annars lands.

Þetta fólk sækir um að mega búa í nýja landinu.

Það heitir: **að sækja um hæli.**

Hvernig passar Ísland að það sé aðgengilegt að sækja um
hæli?

Hvernig fær fatlað fólk sem sækir um hæli aðstoð?

Rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi.

Rétturinn til að vera hluti af samfélaginu (kaflí 19)

16. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á rétt á að lifa sjálfstæðu lífi.

Fatlað fólk á rétt á að vera hluti af samfélaginu eins og aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig virka lögín um þjónustu við fatlað fólk?

Hvernig passar Ísland að þjónustan sé góð á öllu landinu?

b. Hvað gerir Ísland til að fólk þurfi **ekki** að búa á stofnunum?

Hvað gerir Ísland til að það sé til nóg af aðgengilegu húsnæði?

Hvernig passar Ísland að þetta sé eins á öllu landinu?

c. Hvað gerir Ísland þegar ríki og sveitarfélög eru **ekki** sammála.

Til dæmis um hver á að borga fyrir þjónustu?

d. NPA er: **notendastýrð persónuleg aðstoð.**

Hvað gerir Ísland til að fleiri fái NPA?

Hvernig passar Ísland að NPA sé eins á öllu landinu?

Að komast á milli staða (kaflí 20)

17. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á að geta farið á milli staða.

Ferðalög eiga að vera aðgengileg fyrir fatlað fólk.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Sumt fatlað fólk þarf hjálpartæki til að komast á milli staða.

Hvernig passar Ísland að allir fái góð hjálpartæki?

Hvernig passar Ísland að allir fái góða aðstoð?

Árið 2019 ákvað Ísland að skoða hvað orðið **hjalpartæki** þýðir.

Hver var niðurstaðan úr þeirri skoðun?

b. Hvernig er starfsfólk þjálfað í að nota hjálpartæki?

Tjáningarfrelsi og upplýsingar (kaflí 21)

18. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á rétt á að hafa sínar skoðanir.

Fatlað fólk á rétt á að tjá sig.

Tjáningarfrelsi er að mega segja það sem maður vill segja.

Fatlað fólk á rétt á upplýsingum eins og allir aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk fái upplýsingar?

Upplýsingar eiga:

- að vera aðgengilegar
- koma á réttum tíma
- **ekki** að kosta neitt.

b. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk geti talað við hið opinbera?

Til dæmis stofnanir og sveitarfélög.

Ísland getur til dæmis boðið fötluðu fólki:

- táknmáls-túlkun
- auðlesið mál
- aðrar leiðir til að tala við hið opinbera.

Virðing fyrir einkalífi (kaflí 22)

19. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt til einkalífs og aðrir.

Réttur til einkalífs þýðir:

Enginn má skipta sér af þínu lífi.

Enginn má skipta sér af þinni fjölskyldu.

Upplýsingar um fatlað fólk eiga að vera trúnaðarmál.

Trúnaðarmál eru upplýsingar sem aðrir mega **ekki** vita.

Ísland á að svara þessari spurningu:

a. Stundum er **ekki** virðing fyrir einkalífi fatlaðs fólks.

Til dæmis:

- manneskja fær að vita eitthvað sem manneskjan á **ekki** að vita.

Hvernig passar Ísland að einkalíf fatlaðs fólks sé virt á stofnunum?

Virðing fyrir fjölskyldu (kaflí 23)

20. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt og aðrir til að:

- gifta sig
- eignast börn
- vera í sambandi.

Til dæmis:

- eiga kærasta
- eiga kærustu.

Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Hvernig passar Ísland að börn séu **ekki** tekin af fötluðum foreldrum?
- b. Hvernig fær fatlað fólk aðstoð við að vera foreldrar?
- c. Hvernig stoppar Ísland mismunun gegn fötluðu fólki?

Til dæmis þegar fatlað fólk:

- giftir sig
 - eignast börn.
- d. Hvernig hjálpar Ísland fötluðum börnum að fá aðstoð fljótt?

Rétturinn til menntunar (kaflí 24)

21. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt til menntunar og aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig gengur stefnan um skóla fyrir alla?

Stefnan um skóla fyrir alla er:

Fötluð börn fara í sömu skóla og önnur börn.

Hvernig gengur að hafa færri:

- sérskóla fyrir fötluð börn?
- sérþekki fyrir fötluð börn?

b. Hvernig fá fötluð börn aðstoð í skólum fyrir alla?

Til dæmis:

- sérstaka aðstoð
- hjálpartæki
- sérstakt námsefni.

c. Hvernig hjálpar Ísland fötluðum börnum að fara í framhalds-skóla?

Hvernig hjálpar Ísland fötluðu fólki að fara í háskóla?

Hvernig passar Ísland að fatlað fólk geti valið sér nám?

Heilsa (kaflí 25)

22. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á rétt á góðri heilsu eins og aðrir.

Fatlað fólk á rétt á góðri heilbrigðis·þjónustu eins og aðrir.

Heilbrigðis·þjónusta er til dæmis:

- spítalar
- heilsugæslan
- lækna.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig passar Ísland að allir fái góða heilbrigðis·þjónustu?

Þjónustan á að vera aðgengileg.

Þjónustan á **ekki** að kosta of mikið.

Hvernig fræðir Ísland starfsfólk í heilbrigðis·þjónustu um réttindi fatlaðs fólks?

b. Hvernig er geðheilbrigðis·þjónusta á Íslandi?

Geðheilbrigðis·þjónusta á að:

- vera aðgengileg
- passa öllum
- fara eftir því hvað fólk vill.

c. Hvernig safnar Ísland upplýsingum um heilsu fatlaðs fólks?

Til dæmis um biðlista eftir geðheilbrigðisþjónustu.

d. Hvernig passar Ísland að fólk fái góða heilbrigðisþjónustu um kynheilsu?

Hvernig passar Ísland að fatlaðar konur séu **ekki** neyddar í aðgerðir?

Hæfing og endurhæfing (kaflí 26)

23. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á rétt á aðstoð til að gera sem mest sjálft.

Aðstoðin getur verið **hæfing** og **endurhæfing**.

Hæfing er aðstoð við að læra að gera nýja hluti.

Endurhæfing er aðstoð við að læra að gera hluti sem maður gat gert áður.

Ísland á að svara þessari spurningu:

- a. Hvernig passar Ísland að allir fái góða hæfingu og endurhæfingu?

Hæfing og endurhæfing á að vera góð á öllu landinu.

Vinna (kaflí 27)

24. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt til að vinna og aðrir.

Allir eiga að geta fengið vinnu.

Vinnustaðir eiga að vera aðgengilegir fyrir alla.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvernig býr Ísland til fleiri störf fyrir fatlað fólk?

Hvernig hvetur Ísland fyrirtæki til að hafa fatlað fólk í vinnu?

Hvernig hafði COVID-19 áhrif á vinnu fyrir fatlað fólk?

Hvernig hefur gervigreind áhrif á vinnu fyrir fatlað fólk?

Gervigreind er tækni sem hermir eftir því hvernig fólk hugsar.

b. Hvernig hjálpar Ísland fötluðu fólk að fá vinnu?

Hvernig hjálpar Ísland fötluðum konum sérstaklega að fá vinnu.

c. Hvernig hjálpar Ísland fötluðu fólk sem vill stofna fyrirtæki?

Viðunandi líf skjör og félagsleg vernd (kaflí 28)

25. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk á rétt á viðunandi líf skjörum eins og allir aðrir.

Viðunandi líf skjör eru að eiga:

- mat
- föt
- heimili.

Félagsleg vernd er þegar ríkið hjálpar fólk.

Fatlað fólk á rétt á að bæta líf sitt eins og allir aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvaða áhrif hafa breytingar á almannatryggingum á fatlað fólk?

Til dæmis:

- örorku-lífeyrir
- hlutaörorku-lífeyrir
- endurhæfingar-lífeyrir.

b. Stundum er litið á fötlun sem sjúkdóm.

Stundum þarf fólk að fara oft í mat til að fá aðstoð.

Hvernig hefur Ísland breytt því hvernig fólk fær aðstoð?

Til dæmis:

- lífeyri
- stuðning
- þjónustu

c. Hvernig minnkar Ísland fátækt hjá fötluðu fólki?

d. Hvernig passar Ísland að það sé til nóg aðgengilegt húsnæði?

Húsnæðið á **ekki** að kosta of mikið

Rétturinn til að taka þátt í stjórnámálum (kaflí 29)

26. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt og aðrir til að taka þátt í stjórnámálum.

Fatlað fólk á rétt á að kjósa í kosningum.

Fatlað fólk á rétt á að bjóða sig fram í kosningum.

Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Hvaða áhrif hafa ný kosningalög á fatlað fólk?

b. Hvernig passar Ísland að allir geti kosið?

Til dæmis:

- að kjörstaðir séu aðgengilegir
- að kjörgögn séu aðgengileg
- að hægt sé að kjósa á netinu.

c. Hvernig passar Ísland að fólk sem er svipt lögræði fái að kjósa?

d. Hvernig aðstoðar Ísland fatlað fólk í að taka þátt í stjórnámálum?

Hvernig styður Ísland við samtök fatlaðs fólks?

Menning. Frístundir. Íþróttir. (kaflí 30)

27. Í samningnum stendur:

Fatlað fólk hefur sama rétt til að taka þátt í menningu og aðrir.

Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Hvernig passar Ísland að blindir og sjónskertir fái aðgang að bókum?
- b. Hvernig passar Ísland að fatlað fólk geti tekið þátt í:
 - menningu
 - frístundum
 - íþróttum?
- c. Hvernig aðstoðar Ísland fatlað fólk í að búa til list?
Hvernig styður Ísland menningu heyrnarlausra?

Upplýsingar um fatlað fólk (kaflí 31)

28. Ísland á að svara þessum spurningum:

a. Ísland notar Washington listann í könnunum.

Washington listinn er listi af spurningum um fötlun.

Hvernig notar Ísland Washington listann til að fá upplýsingar um fatlað fólk?

Ísland gerir líka rafrænt manntal.

Manntal telur fólk á Íslandi.

Hvernig notar Ísland rafrænt manntal til að fá upplýsingar um fatlað fólk?

b. Hvernig ætlar Ísland að safna betri upplýsingum um fatlað fólk?

Ísland vill gera vel fyrir fatlað fólk.

Þess vegna þarf góðar upplýsingar um fatlað fólk.

Að vinna með öðrum löndum (kaflí 32)

29. Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Hvernig gerir Ísland áætlanir sem hjálpa fötluðu fólki að taka þátt í samfélaginu?
- b. Ísland vinnur oft með öðrum löndum.
Hvernig fær fatlað fólk að vera með?
Hvernig fá samtök fatlaðs fólks að vera með?

Að fara eftir samningnum (kaflí 33)

30. Ísland á að svara þessum spurningum:

- a. Hver passar að Ísland fari eftir samningnum?
- b. Hvað gerir Mannréttinda-stofnun?
- c. Hvernig fær fatlað fólk að fylgjast með samningnum?
Hvernig fá samtök fatlaðs fólks að fylgjast með samningnum?